



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Reglur Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands um fjarpróf og heimapróf.

Samþykkt á deildarfundi, 16. apríl 2020.

1. gr.

Nemandi á að leysa úr heimaprófi á heimili sínu, á skrifstofu eða á öðrum stað þar sem tryggt er að hann geti unnið í einrúmi. Nemandi **er óheimilt að njóta aðstoðar annarra** við úrlausn heimaprófa. Farið verður með brot á þessu ákvæði eftir reglum nr. 569/2009, sbr. 51. og 54. gr. reglnanna. Forseti getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu sbr. 3. tölulið 51. gr. reglna 569/2009.

2. gr.

Nemandi má nota allar heimildir, kennslubækur og gögn sem unnið hefur verið með í námskeiðinu svo og öll gagnasöfn sem aðgengileg eru á vefnum, sem hann kýs, svo fremi sem í því felst ekki aðstoð frá öðrum.

Kennari getur þó ákveðið að nemendur megi ekki nota tiltekin gögn við úrlausnina ef um sjúkra- eða upptökupróf vegna haustannar 2019 er að ræða.

3. gr.

Nemandinn ber sjálfur ábyrgð á því, að þau gögn, sem heimilt er að nota séu honum tiltæk á þeim stað, þar sem hann þreytir prófið.

4. gr.

Nemandi sem er veikur á prófdegi á rétt á að taka sjúkrapróf eftir almennum reglum. Ekki verður gerð krafa um veikindavottorð en nemendum er skylt að tilkynna veikindi á prófdegi til Nemendaskrár, nemskra@hi.is

5. gr.

Nemandi sem þreytir skriflegt próf skal vinna úrlausn sína í Word, nota Calibri, 12p. 1.5 línubil. Nemandi skal skila úrlausn í gegnum skilahólf námskeiðsvef í Uglu nema um Inspera próf sé að ræða. Nemandi ber einnig ábyrgð á því, að úrlausn hans komist til skila frá þeim stað, sem hann leysir verkefnið.

6. gr.

Nema annað sé tekið fram er próftími þrjár klukkustundir, en nemendur með gildan samning um sérúrræði við Háskóla Íslands fá 45 mínútur til viðbótar. Fyrir hverjar 10 mínútur tapar nemandi 20% af einkunn, ef skilað er klukkutíma of seint þá er einkunn 0.

7. gr.

Nemandi sem þreytir skriflegt próf skal skrifa eigin texta, sbr. 54. gr. reglna 569/2009. Þar sem um frumtexta nemenda er að ræða þarf ekki að geta heimilda. Vitna þarf til heimilda ef um beinar tilvitnanir er að ræða. Öll próf verða skoðuð með Turnitin.